**Fjölbrautaskóli Suðurnesja**
Keflavík
Sími 92-3100

138. fundur skólanefndar
Fjölbrautaskóla Suðurnesja, haldinn fimmtudaginn 15. september 1988 í bóknámshúsi skólans kl. 17.00.

Fundinn sátu: Guðmundur Björnsson formaður, Hjálmar Árnason skólameistari, Bogi Hallgrímsson, Jón Gunnarsson, Guðjón Kristjánsson, Eggert Ólafsson, Ingimundur Guðnason, Þór Stefánsson, Helga Sigrún Harðardóttir, Ægir Sigurðsson, aðstoðarskólameistari, og Stefán Jónsson, fjármálastjóri og fundarritari.

Formaður setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Síðan var gengið til dagskrár:

**1. Kennararáðning:**

Ráða verður kennara í sérgreinum sjúkraliðabrautar frá og með næstu áramótum. Samþykkt að heimila skólameistara að auglýsa eftir kennara. Samþykkt að ráða Ásu Einarsdóttur hjúkrunarfræðing til að undirbúa kennslu í sérgreinum sjúkraliðabrautar.

Starfræktur verður skólakór í vetur. Skólameistara heimilað að auglýsa eftir kórstjóra fyrir skólakór FS.

**2. Upphaf haustannar 1988.**

Skólastarfið hófst með kennarafundi 25. ágúst. Nýnemar voru boðaðir til fundar 31. ágúst. Skólasetning var 1. september og hófst kennsla skv. stundaskrá 2. september.
Umsóknir nýnema voru um 196, en heildarfjöldi umsækjenda var 577, þegar allir eru taldir.

Skiping umsækjenda eftir sveitafélögum er þessi:

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Garður | 15 | nýnemar. | 31 | alls |
| Grindavík | 22 | - | 62 | - |
| Hafnir | 0 | - | 3 | - |
| Keflavík | 96 | - | 287 | - |
| Miðneshr. | 12 | - | 25 | |
| Njarðvík | 35 | - | 84 | - |
| Vatnsl.st. | 8 | - | 24 | - |
| Önnur | 8 | - | 31 | - |
| Samtals | 196 | - | 547 | |

Öldungadeild hóf starfsemi 1. sept og voru 145 umsóknir um nám. Á haustönn verður starfsnám á vegum skólans og nokkura hagsmunasamtaka á sviði verslunar-, og skrifstofufræða. Námsflokkar FS verða með 20 námskeið á haustönn og Tölvuskóli Suðurnesja mun einnig verða með námskeiðahald.

## 3. Afgreiðsla á húsnæðisskýrslu:

Að lokinni umræðu um húsnæðisskýrsluna og húsnæðismál skólans í nútíð og framtíð var samþykkt eftirfarandi bókun:

"Skólanefnd FS hefur fjallað ítarlega um skýrslu húsnæðisnefndar, sem skipuð var af stjórn SSS árið 1987 og ætlað að spá um húsnæðisþörf FS.

Skólanefnd er sammála niðurstöðum húsnæðisnefndarinnar, bæði hvað varðar áætlaðan nemendafjölda og húsnæðisþörf.

Skólanefndin er einnig þeirrar skoðunar að nauðsynlegt sé að í framtíðinni verði starfsemi skólans á einum stað og vill í því sambandi benda á að eitt af meginmarkmiðum með stofnun fjölbrautaskólanna var að færa saman verknám og bóknám.

Nefndin telur að nær útilokað sé að fullnægja húsnæðisþörf skólans með byggingum á núverandi lóðum við Sunnubraut eða Iðavelli, og að eina viðundandi framtíðarlausn á húsnæðismálum hans, sé að byggja frá grunni nýtt skólahúsnæði sem sé sérhannað með þarfir skólans í huga.

Æskilegt er að skólanum verði valinn staður í nálægð við núverandi bóknámshús og þar með í nálægð við íþróttahúsið.

Nýleg viðbygging við bóknámshúsið leysti út mjög brýnni þörf um aukið húsnæði, en er nú þegar fullnýtt á álagstímum. Er því ljóst að ekki má láta staðar numið og nauðsynlegt að vinna áfram af krafti að því að leysa framtíðarhúsnæðisþörf skólans.

Skólanefndin hvetur sveitarstjórnir á Suðurnesjum til að kynna sér vandlega skýrslu húsnæðisnefndar, sem fylgir með þessari fundargerð, og vonast til að stuðningur þeirra við skólann verði áfram jafn kröftugur og hingað til.

Skólanefnd hyggst innan tíðar, eftir að sveitastjórnir hafa kynnt sér skýrsluna, boða til fundar um framtíðarhúsnæðisþörf skólans."

## 4. Önnur mál:

a) Bréf bæjarráðs Keflavíkur frá 19. júlí sl. lagt fram. Formanni skólanefndar falið að svara bréfinu.

b) Skólanefnd Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi býður skólanefnd FS í heimsókn föstudaginn 30. september nk. Skólanefnd FS þakkar boðið.

c) Eldi hf. í Grindavík hefur fært vélstjórnarbraut FS að gjöf tvær vélar af gerðinni Lister og Caterpillar. Skólanefnd þakkar þessa höfðinglegu gjöf.

d) Lögð fram skýrsla um námsferð tveggja dönskukennara til Danmerkur nú í sumar. Skólanefnd færðar þakkir fyrir veittan styrk til fararinnar.

e) Skólaskýrla fyrir árin 1982-87 er komin út. Hulda Björk Þorkelsdóttir ritstýrði útgáfunni.

f) Lagt fram til kynningar bréf skólameistara sem hann hyggst senda stjórn SSS. Skólanefnd styður það erindi sem fram kemur í bréfinu.

g) Fjármálastjóri lagði fram yfirlit kostnaðar vegna viðhaldsframkvæmda og tækjakaupa.

h) Fjármálastjóri lagði fram yfirlit yfir tækjakaup í tölvuver og innkomnar gjafir sem hafa gert þau tækjakaup möguleg.

i) Uppsagnarbréf Stefáns Jónssonar lagt fram. Skólanefnd vill þakka Stefáni Jónssyni fyrir velunnin störf og óskar honum heilla í nýju starfi. Samþykkt að auglýsa starfið.

Fleira ekki gert, fundi slitið.

Stefán Jónsson
fundarritari

Guðmundur Björnsson
formaður skólanefndar

OOOOOOOOOOOOOOOOOOOOOOOOOOO

# ATHUGUN 'A HÚSNÆÐISÞÖRF FJÖLBRAUTASKÓLA SUÐURNESJA.

OOOOOOOOOOOOOOOOOOOOOOOOOOO

'AGÚST 1987.

# ATHUGUN Á HÚSNÆÐISÞÖRF FJÖLBRAUTASKÓLA SUÐURNESJA.

## Inngangur

Skýrsla sú, sem hér birtist, er til þess ætluð að auðvelda ákvarðanatöku um framtíðarlausn (til nokkurra áratuga.) á húsnæðismálum Fjölbrautaskóla Suðurnesja. Hún er unnin í framhaldi að skýrslu skólameistara sem kom út 28. sept 1986 og ber titilinn, "SPÁ UM HÚSRÝMISÞÖRF FJÖLBRAUTASKÓLA SUÐURNESJA." Nefnd sú sem þessa skýrslu hefur unnið hefur leitast við að kynna sér þær upplýsingar sem að baki þeirrar skýrslu lágu og fara yfir efni hennar nánar. Auk þess hefur verið aflað frekari gagna og upplýsinga frá mörgum aðilum eftir því sem efni hafa þótt standa til.

## Helstu gögn sem nefndin hefur skoðað eða haft til hliðsjónar eru eftirfarandi:

1) Athugun á húsnæðisþörf Fjölbrautaskóla Suðurlands. (Skýrslan gefin út 16/2 1981)
2) Athugun á húsnæðisþörf Fjölbrautaskólans á Akranesi.
3) Áætlun um Húsnæðisþörf Menntaskólans í Kópavogi, fjölbrautaskóla.
4) Upplýsingar um Verkmenntaskólann á Akureyri auk skoðunarferðar sem farin var í júní sl.
5) Talnaleg gögn frá Hagstofu Íslands er varða þróun framhaldsnáms í landinu.
6) Fundargerðir Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
7) Upplýsingar um mannfjölda á Suðurnesjum, þ.e. þá árganga sem sækja munu skólann fram yfir næstu aldamót.
8) Ýmsar upplýsingar um atvinnuþróun á Suðurnesjum.

Auk þessa hefur verið leitað til Ólafs Ásgeirssonar þjóðskjalavarðar, en hann hefur unnið hliðstæðar skýrslur, og Hjalta Kristgeirssonar hjá Nemendaskrá Hagstofu Íslands vegna upplýsinga um skólasókn einstakra árganga. Nefndin kann þeim bestu þakkir fyrir holl ráð.

## Helstu kaflar skýrslunnar eru eftirfarandi:

1) Markmið með starfssemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja.
2) Áætlanir um námsframboð. (Líklegar breytingar.)
3) Áætlaður nemendafjöldi við skólann.
4) Áætluð stærð skólans miðað við gefið námsframboð og nemendafjölda.
5) Mögulegar lausnir á húsnæðisvanda skólans fram yfir aldamót.
6) Samandregnar niðurstöður nefndarinnar.

## 1. Markmið með starfssemi Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

Nefndin telur að markmið fjölbrautaskólans eigi að vera að gefa Suðurnesjamönnum kost á framhaldsmenntun, bóklegri og verklegri, sem sé sambærileg við það besta sem gerist á landinu. Nendin telur að ef skólanum sé ætlað að ná þessu markmiði þurfi að skapa honum a.m.k. jafngóða aðstöðu m.t.t. húsnæðis og sambærilegum skólum í öðrum landshlutum.
Með þetta í huga hefur nefndin kynnt sér þær hugmyndir sem settar hafa verið fram um vöxt þessara skóla annarsstaðar á landinu eins og greint er frá í upphafskafla.Hugmyndir nefndarinnar um lausn á húsnæðisvanda Fjölbrautaskóla Suðurnesja miða fyrst og fremst að því að tryggja að skólinn dragist ekki verulega afturúr hvað varðar húsnæði og aðbúnað miðað við aðra sambærilegra skóla á landinu.
Það er skoðun nefndarinnar að þetta sé grundvallarskilyrði þess að skólinn nái því markmiði að auka og efla menntun á Suðurnesjum.

Ef skólasókn nemenda frá Suðurnesjum á aldrinum 16-20 ára er skoðuð koma eftirfarandi hlutföll í ljós fyrir árið 1985.

### Aldur í árslok 1985.

| Hlutfall nemenda af árgangi. (Báði kyn) | 16 ára | 17 ára | 18 ára | 19 ára | 20 ára |
|---|---|---|---|---|---|
| Suðurnes | 64,5 | 44,2 | 43,5 | 41,2 | 30,0 |
| Landsmeðaltal | 74,0 | 63,3 | 55,5 | 53,1 | 38,7 |
| Reykjavíkursvæði | 78,9 | 70,2 | 63,1 | 61,2 | 44,5 |
| Vesturland | 68,6 | 59,6 | 50,4 | 49,0 | 37,1 |
| Vestfirðir | 64,6 | 40,9 | 33,1 | 33,3 | 26,5 |
| Norðurland Vestra | 67,0 | 56,3 | 45,4 | 39,0 | 32,5 |
| Norðurland Eystra | 69,3 | 58,3 | 49,2 | 49,3 | 33,8 |
| Austurland | 63,3 | 58,1 | 43,3 | 42,5 | 25,3 |
| Suðurland | 70,6 | 59,1 | 49,1 | 43,3 | 27,7 |

(Hagtíðindi 72. árgangur Nr. 3. Mars 1987, bls 116.)

Þegar þessi tafla er skoðuð kemur í ljós að hlutfall nemenda af Suðurnesjum í hverjum árgangi er verulega undir landsmeðaltali.
Suðurnes eru allstaðar með lægra hlutfall, en Reykjavíkursvæðið, Vesturland og Norðurland Eystra. Suðurnes eru með lægra hlutfall frá 16-19 ára en Suðurland og á fyrsta námsári með lægst hlutfall nemenda ef Austurland er undanskilið.

Því miður hafa sambærileg gögn fyri fleiri ár ekki verið unnin af Hagstofu Íslands og því ekki hægt að fullyrða um þróun síðustu ára. Hitt er alveg ljóst, að sú staðreynd að Suðurnes eru enn árið 1985 verulega undir landsmeðaltali hvað varðar hlutfall nemenda á framhaldsskólastigi, hlýtur að teljast áhyggjuefni.

Það er skoðun nefndarinnar að þetta hlutfall þurfi a.m.k. að verða jafnt landsmeðaltali og helst hærra. Tekið skal skýrt fram að tölur þessar ná til allra framhaldsskólanema sem lögheimili eiga á viðkomandi svæði, án tillits til þess hvar framhaldsnámið er stundað.

## 2. Áætlanir um námsframboð. (Líklegar breytingar.)

Samkvæmt skýrslu skólameistara frá september 1986 var gert ráð fyrir eftirfarandi námsframboði og breytingum á því.

### I. Námsframboð á haustönn 1986.

**A. BRAUTIR Á TÆKNISVIÐI:**

Grunndeildir- HÁRSNYRTIIÐNA
MÁLMIÐNA
RAFIÐNA
TRÉIÐNA
TÆKNITEIKNUN

**B. ALMENNAR BÓKNÁMSBRAUTIR:**

Tveggja anna: FISKVINNSLUBRAUT
Fjögurra anna. HEILSUGÆSLUBRAUT
ÍÞRÓTTABRAUT
VIÐSKIPTABRAUT
UPPELDISBRAUT

Átta anna: EÐLISFRÆÐIBRAUT
FÉLAGSFRÆÐIBRAUT
FJÖLMIÐLABRAUT
ÍÞRÓTTABRAUT
MÁLABRAUT
NÁTTÚRUFRÆÐIBRAUT
TÓNLISTARBRAUT
UPPELDISBRAUT
VIÐSKIPTABRAUT

**C. ANNAÐ NÁM:**

Réttindanám ýmiskonar t.d. skipstjóra, vélstjóra, vélavarða og fiskvinnslufólks.
Endurmenntunarnámskeið í samstarfi við stéttafélög og vinnuveitendur.
Meistaraskóli.
Námsflokkar.
Öldungadeild.

### II . NÝJAR NÁMSBRAUTIR:

SJÚKRALIÐABRAUT
FISKELDISBRAUT
VÉLSTJÓRNARBRAUT
VERKNÁMSBRAUT RAFIÐNA
VERKNÁMSBRAUT TRÉIÐNA
FISKVINNSLUBRAUT
FÓSTRUNÁM

Nefndin sér ekki ástæðu til að gera sérstakar athugasemdir við núverandi námsframboð við skólann enda er það á valdi skólanefndar hvernig því skuli hagað. Hugmyndir skólameistara um nýjar námsbrautir hafa verið kynntar skólanefnd og engar sérstakar athugasemdir við þær gerðar.
Námsframboð framhaldsskóla eins og Fjölbrautaskóla Suðurnesja er í eðli sínu pólitísk ákvörðun. Segja má að skólayfirvöld hafi frá upphafi leitast við að haga námsframboði þannig, að það þjónaði bæði atvinnulífi og möguleikum til æðra náms. Auk þessa hefur verið reynt að fullnægja eftirspurn vinnuveitenda og stéttarfélaga um sérhæfð námskeið og endurmenntun fyrir atvinnulífið.
Þó er rétt að benda á að nefndin tekur ekki með húsnæðisþörf fyrir eina námsbraut er skólameistari nefnir í hugmyndum um nýjar brautir við F.S. það er fiskeldi og /eða fiskvinnsla.
Kemur þar helst til að ekki er ljóst að hve miklu leyti sú kennsla geti farið fram á fiskvinnslu- eða fiskeldisstöðvum og þar með hve þörf væri á stóru sérrými við skólann sjálfan. Ef til kæmi rúmast bóklegt nám þessarar brautar innan þess kennslurýmis sem gert er ráð fyrir. En sjálfsagt er að hafa þetta atriði í huga þegar að hönnun bygginga kemur.
Nefndin leggur ríka áherslu á að vaxtarmöguleikum skólans sé ekki þröngur stakkur skorinn. Nefndin telur mikilvægt að skólinn hafi vítt svigrúm til að fullnægja menntunarkröfum framtíðarinnar og mæta ófyrirsjáanlegum kröfum. Minnt er á að Suðurnes eru verulega undir landsmeðaltali hvað framhaldsskólasókn varðar sbr. þá töflu sem birt er í skýrslunni hér að framan. (Sjá töflu frá Hagstofu Íslands.) Sé það ætlun Suðurnesjamanna að standa jafnfætis öðrum landshlutum hvað framhaldsmenntun varðar, þarf að sýna stórhug í verki þó um leið sé ítrustu hagkvæmni gætt. Nefndin leggur því til að við áætlun á nemendafjölda og stærð skólans sé mörkuð stefna skólayfirvalda höfð að leiðarljósi en auk þess gert ráð fyrir verulegu svigrúmi til að mæta ófyrirsjáanlegum breytingum á námseftirspurn. Nefndin telur líklegt að eftirspurn eftir endurmenntun og starfsþjálfun ýmisskonar fari mjög vaxandi í náinni framtíð. Áhersla er lögð á að skólinn hafi bolmagn til þess að takast á við slík verkefni þannig að þörfum atvinnulífsins á svæðinu verið þjónað á sem bestan hátt.

## 3. Áætlaður nemendafjöldi við skólann.

Eins og fram hefur komið er hlutfall námsfólks á aldrinum 16-20 ára frá Suðurnesjum lægra en landsmeðaltal. Í þessum tölum er fullt tillit tekið þeirra námsmanna frá Suðurnesjum sem stunda nám annarsstaðar en á heimaslóðum. Það hlýtur því að vera stefna skóla sem vill þjóna sínu svæði á a.m.k. sambærilegan hátt og gert er annarsstaðar, að auka þetta hlutfall með sífellt bættum gæðum námsins, rúmu námsframboði og góðri aðstöðu til náms. Ef skólinn nær þessu markmiði sínu mun hlutfall nemenda á hverjum árgangi tvímælalaust vaxa. Í áætlunum er gert ráð fyrir þessu auk þess sem tekið er tillit til stærðar þeirra árganga sem væntanlegir eru á næstu árum.

Gera má ráð fyrir að verulegur fjöldi nemenda muni ætíð sækja ýmisskonar sérnám til höfuðborgarsvæðisins.
Hitt er ljóst að með auknu námsframboði Fjölbrautaskóla Suðurnesja mun draga úr þessu á næstu árum.
Leitað hefur verið álits Hagstofu Ísland á því hvaða hlutföll væri eðlilegt að styðjast við ef fá ætti hugmyndir um stærð skólans um aldamótin. Mælt var með eftirfarandi hlutföllum. 85% á 1. námsári, 70% á öðru námsári, 60% á þriðja námsári og 50% á 4. námsári.

Í gögnum sem nefndin hefur aflað sér hafa sést hærri hlutföll og þá sérstaklega á fyrstu tveimur námsárunum. Það er álit nefndarinnar að lækka beri þessi hlutföll til jafns við áætlun Hagstofu Íslands af tveimur ástæðum. Fyrri ástæðan er nálægðin við Reykjavík og seinni að nefndin telur að taka verði tillit til þeirra einstaklinga sem aldrei eiga þess kost að hefja frammhaldsnám af ýmsum ástæðum. Af þessum ástæðum sé óeðlilegt að miða við að um 100% nemenda hefji framhaldsnám á byrjunarári.

Vakin er athygli á því að ekki einu sinni í grunnskólum landsins næst svo hátt hlutfall. Hlutfall þeirra nema á Íslandi sem voru í lokabekk grunnskóla á árabilinu 1983-1985 var um 95%.

Til að fá hugmynd um mögulegan nemendafjölda í F.S. á næstu árum er því stuðst við fyrrnefndar hlutfallstölur ásamt töflu Hagstofu Íslands yfir fjölda einstaklinga á Suðurnesjum í fæðingarárgöngum 1969-1985. Þar sem ekki kemur afdráttarlaust fram skv. þessari töflu, hvort árgangar fari stækkandi eða minnkandi, er valið að nota einfalt meðaltal sem viðmiðun.
Samtals eru þetta 4609 einstaklingar eða að meðaltali 271 pr. árgang. Einnig þarf að taka tillit til þess, að alltaf eru einhverjir sem ekki fylgja sínum árgangi í námi. Skv. upplýsingum Hagstofunnar má taka tillit til þessa með því að hækka þá tölu sem fæst með fyrirnefndari aðf..ð um 10-15%. Þannig verður áætlaður nemendafjöldi við F.S.

| námsár | fjöldi einstaklinga | % | nemendafjöldi |
|---|---|---|---|
| 1 | 271 | 85 | 230 |
| 2 | 271 | 70 | 190 |
| 3 | 271 | 60 | 163 |
| 4 | 271 | 50 | 136 |
| | | | 719 |

Fjöldi nemenda úr öðrum árgöngum (10-15%) eða (72-108).
Áætlaður nemendafjöldi í "dagskóla" er því á bilinu 791-827.

## 4. Áætluð húsnæðisþörf.

Til að finna áætlðan kennslustundafjölda fyrir skóla með 800 nemendur er stuðst við skýrslu skólameistara frá sept 1986.
Þar er lagt til grundvallar, að fyrir haustönn 1986 hafi kennslustundafjöldi verið 1100 stundir á viku miðað við 590 nemendur, og er þar eingöngu miðið við dagskóla.
Kennslustundum fjölgar ekki í beinu hlutfalli við fjölgun nemenda, því hluti af fjölguninni fer til að fylla fámennari hópa sem fyrir eru. Miðað við að raunfjölgun sé um 75% af línulegri fjölgun ætti 800 nemenda skóli að hafa um 1400 vikustundir. Miðað er við að nýting á verknáms- og sérstofum sé 35 stundir á viku en 40 stundir á viku fyrir alm. kennslustofur.
Skv. tillögu nefndarinnar eru verknáms- og sérstofur 14 talsins, þannig að samkv. því þarf (1400-(35*14))/40 = 23 almennar kennslustofur.

Eins og að ofan getur er hér einungis miðað við dagskóla, en ekki tekið tillit til þarfa öldungadeildar og endurmenntunarnámskeiða.
Að vísu má ætla að sú starfsemi fari fram að miklu leyti utan venjulegs kennsludags, en benda má á, að sífellt eru gerðar auknar kröfur um endur- og símenntun. Meðal annars til að mæta þessari þörf er miðað við að samkomusalur verði hannaður þannig að hægt sé að skifta honum í a.m.k. fjórar kennslustofur.
Eftir þessum forsendum verður húsnæðisþörf F.S. skv. eftirfarandi töflu.
Til samanburðar er sett upp yfirlit yfir skiftingu núverandi eigin húsnæðis F.S. á sambærilegan hátt.

**NÚVERANDI EIGIÐ HÚSNÆÐI F.S.**
**(með viðbyggingu 1987.)**

### I. Stjórnun.

| | |
|---|---|
| 1. Skólameistari<br>(m. v.s. biðstofu og fundaraðstöðu. | 31m² |
| 2. Aðrar skrifstofur | 76- |
| 3. Kennarastofa (m.eldhúskrók) | 93- |
| 4. Vinnuaðstaða kennara | 123- |
| 5. Fjölritun | 13- |
| | ------- |
| | 336m² |

### II. Þjónustu- og félagsrými.

| | |
|---|---|
| 1. Sjoppa | 21m² |
| 2. Mötuneyti nem. | 76- |
| 3. Kaffistofa (að Iðavöllum) | 16- |

| | |
|---|---|
| 4. Bókasafn | 74- |
| 5. Nemendafélag | 10- |
| 6. Setustofa | 40- |
| | --------- |
| | 237m² |

**III. Kennslustofur.**

| | |
|---|---|
| 1. Alm. kennslustofur (18 stk.) | 910m² |
| 2. Eðlis og efnafræði | 127- |
| 3. Hópvinna | 36- |
| | --------- |
| | 1073m² |

**IV. Verknám.**

| | |
|---|---|
| 1. Teiknistofa | 76m² |
| 2. Verknám tréiðna | 260- |
| 3. Verknám málmiðna | 282- |
| | ------- |
| | 618m² |

**V. Annað:**

| | |
|---|---|
| 1. Anddyri, stigar og gangar (þ.m.t. fatahengi og ýmsir setkrókar) | 762m² |
| 2. Geymslur | 66- |
| 3. Ræsting | 16- |
| 4. VS. | 70- |
| | ------- |
| | 914m² |

Samtals nettó = 3178m²
Áætlað tillegg v.veggja= 10%
Samtals brutto = 3496m²

# ÁÆTLUN UM HÚSNÆÐISÞÖRF FJÖLBRAUTASKÓLANS Á SUÐURNESJUM.

## I. STJÓRNUN:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Skrifstofa skólameistara | 15m² |
| 2. | " aðst. skólam. | 15-m |
| 3. | Áfangastjóra | 15-m |
| 4. | Fjármálastjóra | 12-m |
| 5. | Námsráðgjafa | 12-m |
| 6. | Deildastjóra (2*12m ) | 24-m |
| 7. | Kennarastofa (vinnuherbergi, viðtalsherbergi, snyrting og kaffikrókur) | 250-m |
| 8. | Almenn skrifstofa, fjölföldun, fundaraðstaða, biðstofa | 75-m |
| 9. | Húsvörður | 10-m |
| | | 428m² |

## II. ÞJÓNUSTU OG FÉLAGSRÝMI:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Samkomusalur | 400m² |
| 2. | Félagsaðstaða nemenda | 200- |
| 3. | Bókasafn og kennslugagnamiðstöð lestrarsalur | 300- |
| 4. | Umsjónarmaður | 10- |
| 5. | Matsalur | 250- |
| | | 1160m² |

## III. KENNSLUSTOFUR:

| | | |
|---|---|---|
| A. | Almennar stofur ( 23*60m2) | 1380m² |
| B. | Sérstofur:<br>1. Landafræði og jarðfræðistofa, eðlis og efnafræðistofa og líffræðistofa (3*90m2) | 270- |
| C. | Viðskiptagreinar,<br>Vélritunarstofa, reikivélastofa, og tölvustofa. (3*60m2) | 180- |
| | Geymslur. ( 2*20m2) | 40- |
| D. | Heilbrigðisgreinar,<br>Sérkennslustofa 90m2<br>Geymsla 20m2 | 110- |

E. Málver með geymslu,
60m2 , 10m2 — 70-

F. Hópherbergi (4*25m2 ) — 100-

2150m²

N.B. Gert er ráð fyrir að skipta megi samkomusal í 4 kennslustofur með færanlegum skilrúmum.

IV. VERKNÁM:

| | | |
|---|---|---|
| 1. | Málmiðnaður og Vélstjórn | 550m² |
| 2. | Tréiðnaður | 360- |
| 3. | Rafiðnaður | 300- |
| 4. | Fagteikning, grunnteikning (2*60m ) | 120- |
| 5. | Hársnyrtistofa | 180- |
| 6. | Kennslueldhús og geymsla | 120- |
| | | 1630m² |

SAMTALS NETTO:

| | | |
|---|---|---|
| I. | STJÓRNUN | 428m² |
| II. | ÞJÓNUSTU OG FÉLAGS-RÝMI. | 1160- |
| III. | KENNSLUSTOFUR | 2150- |
| IV. | VERKNÁM | 1630- |
| Netto rými samtals | | 5368m² |

| | | |
|---|---|---|
| Snyrting og ræstiaðstaða | (+ 5%) | 5368*5% = 268m |
| Umferðarrymi | (+ 25%) | 5636*25% = 1409m |
| Veggir | (+ 10%) | 7045*10% = 704m |
| Brúttó rými samtals... | | 7749m |

Helstu breytingar miðað við fyrri skýrslu skólameistara frá september 1986 eru:

1. Náttúrufræðistofum verði fjölgað úr einni í þrjár. Þannig að í skólanum verði:

a. Landa-og jarðfræðistofa 90m².
b. Eðlis-og efnafræðistofa 90m².
c. Líffræðistofa 90m2.

Þessi breyting er í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til nútíma framhaldsskóla í viðkomandi kennslugreinum.

2. Bætt verði við hópherbergjum 4*25m2 eða 100m².

3. Almennum kennslustofum verði fækkað úr 27 í 23 vegna bættrar nýtingar þegar skólinn stækkar. (Sjá rökstuðning í viðkomandi kafla.)

4. Nýting salar verði bætt þannig að mögulegt sé að skipta honum í a.m.k. fjórar kennslustofur með færanlegum skilrúmum.

5. Hugmyndum um 300m2 kennslurými fyrir fiskeldi verði sleppt þar sem líklegt er talið að sú kennsla fari fram í fiskeldisstöðvum. Nýta mætti aukið rými náttúrufræðistofa til að fullnægja þörf fyrir sérhæfða kennslu í þessari grein.

6. Gert verði ráð fyrir a.m.k. tveimur skrifstofum fyrir deildarstjóra skólans til þess að bæta stjórnunaraðstöðu þeirra. (2*12m2) eða 24m2.

7. Bætt verði við reiknivélastofu 60m2.

8. Bætt verði við kennslueldhúsi 120m2.

Að öðru leyti vísast til töflu um áætlaða húsrýmisþörf Fjölbrautaskóla Suðurnesja.

## 5. Mögulegar lausnir á húsnæðisvanda skólans fram yfir aldamót.

Það er álit nefndarinnar að nauðsynlegt sé að starfssemi skólans verði rekin á einum stað í framtíðinni. Stjórnunarlega séð er hætta á að skólin klofni í fleiri einingar ef stækkunarfþörf hans yrði fullnægt með því að dreifa framtíðarbyggingum. Slíkt er talið óheppilegt eigi markmið skólans að nást auk þess sem dreifing bygginga gæti skapað sambandsleysi milli deilda. Þeir aðilar sem nefndin leitaði álits hjá voru sammála um að reynsla sambærilegra skóla af dreifðum skólabyggingum væri mjög slæm. Þetta ætti ekki síst við þegar verknám væri slitið úr tengslum við bóknám.

Ef staðsetja á skólan á einum stað má reikna með að athafnasvæði hans þurfi a.m.k. að vera um 20 þúsund m².
Þetta er áætlað á eftirfarandi hátt.

-Ef skólahús yrði um 8000m má reikna með að grunnflötur þess yrði a.m.k. 4500m2 ,þ.e. flestar byggingar á 2. hæðum.
-Umferðarrymi umhverfis bygginguna þyrfti að vera a.m.k. 1000m
-Ef reiknað væri með bílastæðum fyri 200 bíla (800 manna skóli + starfslið) þyrfti a.m.k. 5000m
- Óráðlegt er að miða við minni stækkunarmöguleika en 50%.

<u>Stærð athafnasvæðis.</u>

| | |
|---|---|
| Skólahús samtals | 4500 m² |
| Umferðarrymi | 1000 - |
| Bílastæði og aðkoma | 5000 - |
| Lóð að örðu leyti | 3000 - |
| | --------- |
| Athafnarsv. samtlas | 13.500- |
| Stækkunarmöguleikar | 6.750- |
| (Miðað er við 50%) | --------- |
| | 20.250m² |

Til þessa hafa einkum þrír kostir verið skoðaðir til þess að leysa þennan vanda. Þeir eru eftirfarandi.

1. Byggja við bóknámshús við Sunnubraut.
2. Byggja við verknámshús að Iðavöllum.
3. Reisa nýjan skóla frá grunni.

### 1. Byggja við bóknámshús við Sunnubraut.

Allt svæðið sem afmarkast af Sunnubraut, Faxabraut og Skólavegi að frádregnum lóðum íþróttahúss og Holtaskóla er um 20 þúsund fermetrar. Því væri fræðilega mögulegt að koma skólanum fyrir á þessu svæði ef allt opna svæðið sem nú er til staðar yrði tekið undir starfssemi FS.

Nefndin telur þó mjög óæskilegt að ganga á það svæði þar sem það er ætlað til útivistar fyrir hinn almenna borgara. Auk þess sem þar með yrði algerlega girt fyrir mögulega þróun annara stofnana á svæðinu, þ.e. Íþróttahúss og Holtaskóla.
Athygli er vakin á því, að skólabyggingar á holtinu sjálfu yrðu varla meira en á einni hæð sem yrði ódrýgra en fyrirgreind áætlun um æskilegt áthafnasvæði gerir ráð fyrir. (þ.e. tveggja hæða byggingum.)
Til samanburðar má geta að í þeim tillögum sem nú liggja fyrir um viðbyggingar við bóknámshús, er gert ráð fyrir viðbótarrými um 2600m.

## 2. Byggja við verknámshúsið á Iðavöllum.

Á Iðavöllum er nægt lóðarými en svæðið er á aðalskipulagi ætlað fyrir iðnað og eru iðnaðarhús nú þegar risin þar á þrjá vegu við verknámshús skólans. Húsið er iðanðarhús og væri mun ódýrara að flytja verknámið að núverandi athafnasvæði bóknámshúss, en að flytja starfssemi bóknámshúss á athafnasvæði verknámshúss á Iðavöllum.
Nefndin mælir ekki með því að skólinn verði staðsettur á athafnasvæði iðnfyrirtækja.

## 3. Reisa nýjan skóla frá grunni.

Þessari leið fylgja ótvíræðir kostir. Hægt er að hanna byggingar frá grunni og taka þar mið af þeirri reynslu sem fengist hefur af fjölbrautarskólum hér og annarsstaðar.
Með því að vanda staðarval má ætla skólanum nægjanlegt landrými til þess að hann nái að þróast eðlilega. Verði þessi kostur valinn mun það að vísu þýða meiri fjárútlát í <u>upphafi</u> heldur en hvor þeirra tveggja möguleika sem nefndir er hér að framan. Væntanlega mun það þó skila sér í meiri hagkvæmni þegar upp er staðið og ekki er ástæða til að ætla að erfitt verði að koma núverandi húsnæði skólans í verð jafnóðum og flutt er í nýjar byggingar.
Má t.d. nefna að ýmsar hugmyndir hafa verið uppi um mögulega nýtingu á bóknámshúsinu við Sunnubraut , svo sem héraðsbókasafn, byggðasafn og jafnvel ráðhús.

Að öllu athuguðu álitur nefndin því þetta vænlegasta kostinn, og mælir með að skoðaður verði möguleiki á að finna skólanum stað á bæjarmörkum Keflavíkur og Njarðvíkur. Svæði þetta er vel staðsett m.t.t. byggðar í Keflavík/Njarðvík og liggur vel við samgöngum. Það er einnig nálægt núverandi bóknámshúsi, þannig að ef byggt væri í áföngum á nokkrum árum væri tiltölulega ódýrt að kenna á báðum stöðum samtímis.

6. Lokaorð:

Eins og fram hefur komið er meginniðurstaða nefndarinnar, að stefna beri að því að reisa nýjan skóla fyrir u.þ.b. 800 nemendur og miðar við að hann rísi á bæjarmörkum Keflavíkur og Njarðvíkur.

Í skýrslunni er leitast við að sýna hvernig nefndin kemst að þessari niðurstöðu og hvaða upplýsingar er stuðst við. Nú gildir það hér, sem og víðast annarsstaðar, að það er erfitt að spá og þá einkum um framtíðina. Þannig er álitamál hve nákvæmlega er hægt að framreikna forsendur nútíðar til framtíðar. Eins og fram kemur í upphafskafla hefur nefndin reynt að styðjast við reynslu annara sem unnið hafa sambærilegar spár í á undanförnum árum og auk þess leitað ráða ýmsra annarra mætra manna sem ekki verða taldir hér. Hvernig til hefur tekist er annarra að dæma.

Keflavík 31. ágúst 1987

Halldór Ingvarsson.

Hilmar Þór Hilmarsson.

Jóhann J. Bergmann.

**Mannfjöldi eftir fæðingarári í 7 sveitarfélögum á Suðurnesjum 1. des. 1985.**

| Sveitarfélag: | Keflavík | | | Grindavík | | | Njarðvík | | | Hafnir | | | Miðnes | | | Gerðahr. | | | Vatnsl.str.hr. | | | Samtals: | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Tókntala sv.fél: | 2200 | | | 2300 | | | 2400 | | | 2502 | | | 2503 | | | 2504 | | | 2506 | | | | | |
| | Alls | Ka. | Ko. | Alls | Ka. | Ko. | Alls | Ka. | Ko. | Alls | Ka. | Ko. | Alls | Ka. | Ko. | Alls | Ka. | Ko. | Alls | Ka. | Ko. | Alls | Ka. | Ko. |
| Fæðingarár | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | |
| 1969 | 120 | 59 | 61 | 48 | 28 | 20 | 44 | 16 | 28 | 1 | 0 | 1 | 26 | 10 | 16 | 18 | 6 | 12 | 14 | 12 | 2 | 271 | 131 | 140 |
| 1970 | 111 | 62 | 49 | 54 | 28 | 26 | 33 | 19 | 14 | 3 | 1 | 2 | 19 | 9 | 10 | 22 | 14 | 8 | 10 | 5 | 5 | 252 | 138 | 114 |
| 1971 | 119 | 66 | 53 | 38 | 18 | 20 | 52 | 31 | 21 | 2 | 1 | 1 | 22 | 10 | 12 | 19 | 8 | 11 | 19 | 9 | 10 | 271 | 143 | 128 |
| 1972 | 123 | 64 | 59 | 42 | 20 | 22 | 43 | 24 | 19 | 0 | 0 | 0 | 20 | 8 | 12 | 19 | 12 | 7 | 13 | 7 | 6 | 260 | 135 | 125 |
| 1973 | 105 | 62 | 43 | 56 | 32 | 24 | 51 | 20 | 31 | 3 | 2 | 1 | 22 | 8 | 14 | 26 | 14 | 12 | 13 | 7 | 6 | 276 | 145 | 131 |
| 1974 | 91 | 38 | 53 | 36 | 18 | 18 | 30 | 14 | 16 | 1 | 0 | 1 | 21 | 12 | 9 | 17 | 7 | 10 | 14 | 6 | 8 | 210 | 95 | 115 |
| 1975 | 135 | 69 | 66 | 40 | 17 | 23 | 45 | 19 | 26 | 2 | 1 | 1 | 28 | 15 | 13 | 26 | 16 | 10 | 20 | 11 | 9 | 296 | 148 | 148 |
| 1976 | 100 | 68 | 32 | 47 | 21 | 26 | 47 | 26 | 21 | 4 | 2 | 2 | 26 | 15 | 11 | 17 | 9 | 8 | 11 | 7 | 4 | 252 | 148 | 104 |
| 1977 | 141 | 69 | 72 | 34 | 20 | 14 | 44 | 21 | 23 | 1 | 0 | 1 | 29 | 16 | 13 | 23 | 11 | 12 | 13 | 5 | 8 | 285 | 142 | 143 |
| 1978 | 127 | 57 | 70 | 46 | 22 | 24 | 41 | 24 | 17 | 4 | 1 | 3 | 18 | 7 | 11 | 25 | 12 | 13 | 10 | 7 | 3 | 271 | 130 | 141 |
| 1979 | 145 | 73 | 72 | 37 | 23 | 14 | 43 | 23 | 20 | 2 | 0 | 2 | 34 | 19 | 15 | 34 | 17 | 17 | 18 | 7 | 11 | 313 | 162 | 151 |
| 1980 | 138 | 66 | 72 | 46 | 24 | 22 | 48 | 22 | 26 | 0 | 0 | 0 | 27 | 5 | 22 | 20 | 7 | 13 | 14 | 7 | 7 | 293 | 131 | 162 |
| 1981 | 124 | 76 | 48 | 43 | 24 | 19 | 56 | 25 | 31 | 4 | 1 | 3 | 32 | 22 | 10 | 20 | 9 | 11 | 12 | 7 | 5 | 291 | 164 | 127 |
| 1982 | 123 | 64 | 59 | 49 | 26 | 23 | 51 | 27 | 24 | 1 | 0 | 1 | 19 | 7 | 12 | 33 | 21 | 12 | 13 | 9 | 4 | 289 | 154 | 135 |
| 1983 | 136 | 67 | 69 | 46 | 28 | 18 | 54 | 27 | 27 | 3 | 2 | 1 | 31 | 15 | 16 | 27 | 16 | 11 | 10 | 3 | 7 | 307 | 158 | 149 |
| 1984 | 128 | 66 | 62 | 28 | 17 | 11 | 50 | 28 | 22 | 0 | 0 | 0 | 29 | 16 | 13 | 23 | 14 | 9 | 14 | 8 | 6 | 272 | 149 | 123 |
| 1985 | 97 | 53 | 44 | 33 | 15 | 18 | 34 | 22 | 12 | 2 | 2 | 0 | 16 | 7 | 9 | 11 | 2 | 9 | 7 | 4 | 3 | 200 | 105 | 95 |
| | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | | 4609 | 2378 | 2231 |


V
S
Vindrós
HELGUVÍK
KEFLAVÍK
NJARÐVÍK
Núv. verknámshús
Núv. bóknámshús
skóli skv.
tillögu.
OPINBERAR STOFNANIR
VERSLANIR OG SKRIFSTOFUR
EINBÝLISHÚS OG RAÐHÚS
FJÖLBÝLISHÚS
IÐNAÐUR
BLÖNDUÐ STARFSEMI
OPIN SVÆÐI OG LEIKVELLIR
ÓBYGGT SVÆÐI
SVÆÐI TIL SÍÐARI NOTKUNAR

# F.S. HAUSTÖNN 1988. SKIPTING NEMENDA EFTIR BYGGÐARLÖGUM OG BRAUTUM

| PÓSTNÚMER BYGGÐ | | NEM. 88H / ALLS | TÖLFUFR. T2 | TÖLFUFR. T4+TR | VIÐSK.BR. V2+VI | EÐLISFRÆ. EÐ | FLUGLEIÐAB. F4+FL | FJÖLMIÐL FJ | FÉL.FR.BR. FÉ | GRUNN.HÁR GH | GRUNN.MÁLM GM | GRUNND.RAF GR+VR | GRUNND.TRÉ GT+VT | HEILSUG.BR. H2+HE | HEILSUG.BR.4 H4 (STÚD.) | ÍÞRÓTTABR. ÍB, ÍE, ÍH, ÍR | MÁLABRAUT MÁ | NÁTT.FR.BR. NÁ | SJÚKRAL.BR. SJ | SKIPSTJ.BR. SK | TÆKNITEIK. TT | TÓNLISTARBR. TÓ | UPPELDISBR. U2+UP | UPPELDISBR. U4 (STÚD) | VÉLSTJ.BR. VA+VF | VIÐ+HAGFR. V4+HA | IÐNBR+BÓKN. I2+BT | ÍÞRÓTT.BR. IY (STÚD) | BÓKNÁMSB. BÓ |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 190 | 88H | 8 | | | 2 | 0 | | | | 0 | | 1 | 2 | 0 | | | 1 | 0 | | | | | | | | | | | 2 |
| VOGAR | ALLS | 24 | 1 | | 2 | 0 | | | 1 | 2 | | 2 | 4 | 1 | | | 2 | 2 | | | 1 | | | | | 2 | | | 4 |
| 230 | 88H | 96 | - | - | 10 | 5 | | | 1 | 6 | 3 | 3 | 5 | 1 | | | 9 | 3 | 1 | 2 | 1 | | 3 | | 1 | 3 | 4 | 0 | 35 |
| KEFLAVÍK | ALLS | 287 | 2 | 7 | 29 | 12 | 1 | 2 | 13 | 11 | 3 | 16 | 7 | 8 | 2 | 10 | 36 | 11 | 2 | 3 | 2 | 2 | 9 | 3 | 2 | 11 | 7 | 5 | 72 |
| 233 | 88H | 0 | | | | 0 | | | | | | 0 | | | | | | 0 | | | | | | | | | | | |
| HAFNIR | ALLS | 3 | | | | 0 | | | | | | 1 | | | | | | 2 | | | | | | | | | | | |
| 240 | 88H | 22 | | | 0 | 0 | | | 1 | 1 | | 1 | 1 | 0 | | | 2 | 0 | | 1 | | | 1 | | 1 | | 2 | | 11 |
| GRINDAV. | ALLS | 62 | - | | 3 | 1 | | | 2 | 1 | | 4 | 1 | 3 | 1 | | 5 | 2 | | 1 | | | 3 | | 2 / 3 | 1 | 3 | | 16 |
| 245 | 88H | 12 | | | 1 | 0 | | | 1 | | 1 | 1 | 1 | | | | 0 | | | 1 | | | 2 | | 1 | | 2 | 0 | 1 |
| SANDGERÐI | ALLS | 25 | | | 3 | 0 | | | 1 | | 1 | 2 | 1 | | | | 2 | | | 1 | | 1 | 2 | | 1 | 2 | 4 | 1 | 4 |
| 250 | 88H | 15 | | | 3 | 0 | | | 0 | | | 1 | 1 | 1 | | | 0 | 0 | | 1 | | | 0 | | | | 1 | | 7 |
| GARÐUR | ALLS | 31 | | | 6 | 0 | | | 1 | | | 1 | 1 | 2 | | | 1 | 1 | 1 | 1 | | | 2 | 2 | 1 | | 2 | | 9 |
| 260 | 88H | 35 | | | 3 | 1 | | | 0 | 2 | 1 | 3 | 4 | 0 | | 1 | 2 | 1 | | | | | 1 | | | | 2 | | 14 |
| NJARÐVÍK | ALLS | 84 | | | 9 | 4 | | 1 | 1 | 5 | 2 | 4 | 4 | 5 | | 3 | 7 | 4 | | | 3 | | 3 | 1 | | 6 | 6 | | 16 |
| ANNAÐ | 88H | 8 | | | 2 | | | | | 3 | | | | | | | 1 | | | 2 | | | | | | | | | |
| | ALLS | 31 | | | 2 | | 20 | | | 3 | | | | | | | 1 | | | 2 | | | | 1 | 1. | | | 1 | |
| ALLS | 88H | 196 | 0 | 0 | 21 | 6 | *(20) | 0 | 3 | 12 | 5 | 10 | 14 | 2 | 0 | 1 | 15 | 4 | 1 | 7 | 1 | 0 | 7 | 0 | 4 | 2 | 11 | 0 | 70 |
| ALLS | ALLS | 547 | 3 | 7 | 54 | 17 | 21 | 3 | 18 | 22 | 6 | 30 | 18 | 19 | 3 | 13 | 54 | 22 | 3 | 8 | 6 | 3 | 19 | 7 | 10 | 22 | 22 | 7 | 171 |

# NOKKUR ORÐ TIL SKÝRINGAR.

1. TÖLURNAR eru miðaðar við „töluskráningu" 19. sept. 1988. Í þessar tölur vantar nokkra nemendur t.d. þá sem eru skráðir utanskóla, mættu seint eða hafa sótt um útskrift á flugliðabraut 4 en stunda nám, að mestu, í öðrum skólum.
   Vegna „plássleysis" í töflu voru nemendur á F1, MS, MF og TB ekki skráðir en þeir eru samtals 6.

2. BÓKNÁMSBRAUT (BÓ) er braut hinna óráðnu þ.e.s. nem. sem ekki vita hvað þeir vilja eru skráðir á þessa braut þar til „endanlegt" val hefur farið fram.
   Oft vill þetta dragast úr hófi fram af ýmsum ástæðum. Því eru miklu fleiri nem. skráðir á brautina en eðlilegt má teljast sem aftur leiðir til vanskráningar á aðrar brautir.
   Nokkuð er um að nemendur flakki á milli brauta og veldur það, ásamt tregðu í skráningu, nokkrum fráviki í skráningunni.

3. NEMENDUR UTAN SUÐURNESJA eru í reynd fleiri en skráningin segir til um því margir þeirra láta skrá aðsetur sitt hér á svæðinu þó lögheimili þeirra sé utan þess.

4. Í DAGSKÓLA ERU ÞEGAR ALLT ER TALIÐ:

NEMENDUR ALLS : 577 (Flugliðar taldir með)
NEMENDUR SKRÁÐIR '88H: 196 ( —"— ekki —"— )
NEMENDUR FÆDDIR '72: 150

Suðurnesjum 14. september 1983

Til stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum
b.t. framkvæmdastjóra, herra Eiríks Alexanderssonar.

Erindi: Hugmynd að kaupleiguíbúðum.

Stjórn S.S.S. mun fyrir nokkuð löngu hafa mótað þá stefnu að starfsfólk sveitarfélaga á Suðurnesjum væri búsett innan héraðs, a.m.k. mun sú samþykkt ná til forstöðufólks en er vitaskuld um leið markandi fyrir hina almennu stefnu. Þessi almenna skoðun er og vel skiljanleg af ýmsum ástæðum, leiðir m.a. til stöðugra vinnuafls, skapar sveitarfélögum útsvarstekjur, færir menntun heim í hérað og þannig mætti áfram telja.

Miðað við núverandi aðstæður í þjóðfélaginu hefur reynst nokkuð snúið að ráða starfsfólk til ýmissa starfa í hinum svonefnda opinbera geira. Á þetta t.d. við um skóla og sjúkrastofnanir. Hitt er svo ljóst að ekki auðveldar það forstöðumönnum þessarra stofnana mannaráðningar þegar sá böggull fylgir skammrifi að útvega þarf aðkomufólki íbúðir hér syðra. Þar er sannarlega ekki um auðugan garð að gresja fyrir fólk sem hyggst leigja sér húsaskjól fyrsta kastið a.m.k.

Það ættu að teljast hagsmunir Suðurnersjabúa að geta fengið hæft fólk hingað til að gegna hinum margvíslegu störfum á vegum sveitarfélaga. Í ljósi þess er þeirri hugmynd komið á framfæri að stjórn S.S.S. taki til athugunar með hvaða hætti mætti auðvelda stjórnendum stofanana á vegum sveitarfélaga mannaráðninga[illegible] mætti t.d. hvort æskilegt væri að einstök sveitarfélög eða S.S.S. kæmi sér upp nokkrum kaupleiguíbúðum sem ráðstafa mætti í þessu skyni og þar með auðveldað aðkomufólki að koma undir sig fótum hér suðurfrá.

Virðingarfylist,

Hjálmar Árnason

Hjálmar Árnason,
skólameistari.